

Saga fjarskiptabíla Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík.



Fyrsti bíll FBS var Bedford árgerð 1945
Fremst í afturhúsinu var "Loftskeytaklefi", þvert yfir húsið. Á framgafla var talstöð úr flugvél, 28 volta, ART 802. Í stöðinni var loftnetsaðlögunarrás fyrir lá-ohms loftnet. Reyst var löng stöng þegar stöðin var notuð. Bandið var 1.6 til 4.8 MHz. Í bílnum var sérstakur "28v Dinamór" fyrir stöðina því rafkerfi hans var 6 volt.
Þetta er örugglega fyrsti fjarskiptabíll á landinu



Næsti bíll var Weapon '52 .
Hann var fyrst notaður sem björgunarbíll. Ein talstöð var fram í stýrishúsi frá Landsímanum. Lampstöð FF5 með lausum mótara.
1975-76 var honum breytt í Fjarskiptabíll. Sett var borð og sæti í afturhúsið fyrir leitarstjórn. Ný CB stöð og AM-SSB talstöð. 6 rása talstöð á flugbandi. Heimasm. kallkerfi með innbyggðri sírenu. Hægt var að útvarpa fjarskiptunum út, umhverfis bílinn.



Síðan kom Gamli FBS-1, Skjaldbakan.
Upp úr 1980 var sett borð og bekkir aftan til en aftan við bílstjórásætið "Loftskeytaborð". Talstöðvar voru og eru, því bíllin er enn í notkun.
SSB 100W Yaesu FT-180 ásamt loftnetsrás. 2 st VHF talstöðvar. 1 CB talstöð og stöð á flugbandinu. Almannavarnastöð og 100 rása VHF Scanner. Einnig móttakari frá 500 KHz til 30 MHz með AM-SSB-CW-FM W og N bandi. NMT Farsími Nú er hann FBS-11



FBS-1. Stjórnstöð

Þennan bíl gaf Kvennadeild FBS. Yfirbyggingin var smíðuð hjá Sigurbirni bílasmið í Kópavogi. Radióþjónusta Sigga Harðar sá um að innréttingar og koma tækjum fyrir.
Enn er bíllinn þjónustaður þar.